

9. fundur Undirbúningsstjórnar vegna sameiningar sveitarfélaganna Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Borgarfjarðarhrepps, haldinn mánudaginn 25. maí á Hótel Héraði.

Fundurinn hófst kl. 15:00.

Mættir eru Björn Ingimarsson, Kristjana Sigurðardóttir, Anna Alexandersdóttir, Hannes Karl Hilmarsson, Stefán Bogi Sveinsson, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Jón Þórðarson, Jakob Sigurðsson, Gauti Jóhannesson, Þorbjörg Sandholt, Bergþóra Birgisdóttir, Aðalheiður Borgþórsdóttir, Hildur Þórisdóttir og Elvar Snær Kristjánsson.

Róbert Ragnarsson, sem ritaði fundargerð.

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir mannauðsráðgjafi.

Vilhjálmur Jónsson boðaði forföll.

1. Fundargerðir

Fundargerð síðasta fundar Undirbúningsstjórnar lögð fram og staðfest með breytingum.

2. Stjórnskipulag og mönnun nýs sveitarfélags

Framhald umræðu frá síðasta fundi. Björn gerði grein fyrir tillögu að stjórnskipulagi og hvetur til þess að samstaða verði um að veita heimild til að auglýsa þrjú störf laus til umsóknar þannig að starfsfólkið sé komið til starfa eftir sumarleyfi.

Tillaga er um að eitthvert sveitarfélaganna taki að sér að ganga frá ráðningum starfsmannanna, sem verði hluti af starfsmannahópi sameinaðs sveitarfélags eftir sameininguna.

- Stjórnandi umhverfis-og framkvæmdasviðs
- Mannauðsstjóri
- Verkefnisstjóri stafrænnar stjórnsýslu og þjónustu

Undirbúningsstjórn óskar eftir heimild sveitarfélaganna fjögurra að auglýsa störfin þrjú. Ákveðið að fela mannauðsráðgjafa að gera tillögu að starfslýsingu fyrir störf, með hæfniskröfum. Þær lýsingar munu mynda grunn að starfsauglýsingum.

Framkvæmdahópi falið að gera tillögu að nánari útfærslu á því hvernig staðið verði að ráðningarferlinu.

Tillaga að *Samþykkt um starfskjör kjörinna fulltrúa hjá Sameinuðu sveitarfélagi Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar* lögð fram. Málið var áður á dagskrá þann 9. mars.

Farið var yfir tillöguna og ákveðið að vísa henni til nýrrar sveitarstjórnar til afgreiðslu. Forsendur tillögunnar verða notaðar við gerð tillögu að fjárhagsáætlun sameinaðs sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarnir véku af fundi kl. 16.40.

Róbert og Katrín Dóra leiddu umræðu um möguleg hlutverk sveitarstjóranna í sameinuðu sveitarfélagi. Ákveðið að þau ræði við sveitarstjórana hvern fyrir sig til að fá gleggri upplýsingar.

3. Heiti á nýtt sveitarfélag

Ákveðið að hefja undirbúning þess að atkvæðagreiðsla um nýtt heiti á sameinað sveitarfélag geti farið fram samhliða forsetakosningum 27. júní næstkomandi.

4. Næsti fundur Undirbúningsstjórnar

Næsti fundur verður boðaður með tölvupósti að afloknum fundi Framkvæmdahóps með Jöfnunarsjóði og ráðuneyti næstkomandi fimmtudag.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 17:20.